

# Fjallskilaseðill í Laxárdal 2024

Hér með tilkynnist að leitir og réttir í fjallskiladeild Laxárdals árið 2024 verða sem hér segir:

1. Leit, á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 14.sept. og 1.rétt 15.sept. kl 12:00. Leit á suðurfjöllum 22 og 23 sept.
2. Leit, á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 28.sept. og 2.rétt sunnudaginn 29.sept. kl.16:00. Leit á suðurfjöllum 30 sept. og 1 okt.
3. Leit skal lokið fyrir 25.október eftir nánari ákvörðun leitarstjóra.

Réttarstjóri er Harald Ó Haralds.

**Leitarstjórar eru:**

Á norðurfjöllum, Jón Ægisson

Á suðurfjöllum, Harald Ó Haralds.

Á Ljárskógafjalli

1. Leit, Harald Ó Haralds.
2. Leit, Bjarni Hermannsson
3. Leit, Katarínus Jón Jónsson.

Leitarstjórar skulu gæta þess að samræmi verði með leitum á samliggjandi leitarsvæðum.

Leitarstjórar hver á sínu svæði ásamt leitarmönnum, skulu sjá um að allt ókunnugt fé komi til lögréttar.

Öllum jarðeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnugu fé til réttar áður en réttarhald hefst. Verði smölunarskyldu þessari ekki sinnt, getur hreppsnefnd látið smala landið á kostnað eigenda, sbr. 39.gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil og fl. no.6/1986. Vanti leitarmenn, er leitarstjóra heimilt að ráða menn á kostnað hlutaðeigenda.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari, ber þeim að greiða með 50% álagi til fjallskilasjóðs og skulu leitarstjórar tilkynna sveitarstjóra um þau.

Þeir sex menn sem fara í Bitru að smala vestur á Ljárskógafjall í fyrstu leit, fá það metið sem hálfvísni dagsverk á Ljárskógafjalli.

Dagsverkið er metið á kr. 25000,-

Á bak við hvert dagsverk eru hverjar byrjaðar 38 kindur, hausagjald er kr.155,-per kind til flutninga.

**Gjalddagi fjallskilagjalda er 1.okt. n.k. og eindagi 31.okt.**

Fjallskilanevnd